

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2023

2023/EES/81/32

frá 28. apríl 2023

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2147 frá 8. október 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 með því að skilgreina skrá yfir atriði sem á að fjalla um í hverri sannreyningarlotu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1546 frá 23. október 2020 um að koma á fót skipulagi og ítarlegum ráðstöfunum er varða skrána yfir heimildir og aðferðir sem notaðar eru til að taka saman samtölur vergra þjóðartekna og hluta þeirra í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA 2010) ⁽²⁾.
- 3) Til aukinnar hagræðingar skal endurtölusetja liði 19 til 19b í XXI. viðauka við EES-samninginn.
- 4) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Liði 19 til 19b í XXI. viðauka við EES-samninginn skal endurtölusetja sem hér segir:

1. Liður 19 (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516) er endurtölusettur sem liður 19a.
2. Liður 19a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792) er endurtölusettur sem liður 19b.
3. Liður 19aa (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2013) er endurtölusettur sem liður 19ba.
4. Liður 19b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1749/96) er endurtölusettur sem liður 19bb.

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 19a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„19aa. **32020 R 1546**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1546 frá 23. október 2020 um að koma á fót skipulagi og ítarlegum ráðstöfunum er varða skrána yfir heimildir og aðferðir sem notaðar eru til að taka saman samtölur vergra þjóðartekna og hluta þeirra í samræmi við evrópska þjóðhagsreikningakerfið (ESA 2010) (Stjtið. ESB L 354, 26.10.2020, bls. 1).

19ab. **32020 R 2147**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2147 frá 8. október 2020 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/516 með því að skilgreina skrá yfir atriði sem á að fjalla um í hverri sannreyningarlotu (Stjtið. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 9).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 26.10.2020, bls. 1.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/2147 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/1546, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.